# Farskólinn
## miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

## Ársreikningur 2018

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Faxatorgi
550 Sauðárkrókur
Kt. 460993-2379

Sjóður nr. 1743

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra er að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra.

Á árinu 2018 var rekstrarniðurstaða neikvæð um 3,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og var eigið fé skólans 34,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins.

Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra námu 11,5 millj. kr. á árinu 2018. Engin stjórnarlaun voru greidd á árinu 2018. Á árinu störfuðu 6 starfsmenn hjá Farskólanum í 5 ársverkum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 29. maí 2019.

Stjórn:

Guðmundur Finnbogason

Guðrún Sighvatsdóttir

Ingileif Oddsdóttir

Erla Björk Örnólfsdóttir

Halldór G. Ólafsson

Framkvæmdastjóri:

Bryndís K. Þráinsdóttir
Suðurgötu 8
550 Sauðárkrókur

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Farskólans - miðstövar símenntunar á Norðurlandi vestra.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra („félagið") fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 29. maí 2019.

***KPMG ehf.***

Kristján Jónasson

Haraldur Örn Reynisson

# Rekstrarreikningur árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | 23.664.000 | 23.789.000 |
| Styrkir | | 1.505.600 | 1.505.600 |
| Tekjur vegna námskeiða og verkefna | 3 | 37.026.411 | 45.034.652 |
| Tekjur vegna háskólanáms | 4 | 11.331.231 | 11.137.440 |
| Aðrar tekjur | | 615.450 | 492.041 |
| | 2 | 74.142.692 | 81.958.733 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Kostnaður vegna námskeiða og verkefna | | 30.076.067 | 33.577.162 |
| Kostnaður vegna háskólanáms | 4 | 12.092.913 | 10.827.074 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 5 | 29.056.897 | 30.067.944 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 7.650.648 | 7.742.595 |
| | | 78.876.525 | 82.214.775 |
| **Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | ( 4.733.833) | ( 256.042) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.119.034 | 1.367.647 |
| Vaxtagjöld og gengismunur | | 57.794 | ( 14.594) |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 240.216) | ( 268.362) |
| | | 936.612 | 1.084.691 |
| **Rekstrarniðurstaða (neikvæð)** | 7 | ( 3.797.221) | 828.649 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 8.757.693 | 5.614.176 |
| Handbært fé | | 38.464.713 | 42.567.896 |
| Veltufjármunir samtals | | 47.222.406 | 48.182.072 |
| **Eignir samtals** | | 47.222.406 | 48.182.072 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 34.657.745 | 38.454.966 |
| Eigið fé samtals | 7 | 34.657.745 | 38.454.966 |
| **Skuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 4.013.946 | 5.016.091 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 8.550.715 | 4.711.015 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 12.564.661 | 9.727.106 |
| Skuldir samtals | | 12.564.661 | 9.727.106 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 47.222.406 | 48.182.072 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) | 7 | ( 3.797.221) | 828.649 |
| Breytingar rekstrartengda eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 3.143.517) | ( 1.579.675) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 2.837.555 | 689.832 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 305.962) | ( 889.843) |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 4.103.183) | ( 61.194) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 4.103.183) | ( 61.194) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 42.567.896 | 42.629.090 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 38.464.713 | 42.567.896 |

# Skýringar

## 1. **Reikningsskilaaðferðir**

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***
Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku á greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og aðrir styrkir þeim tengdum eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa ríkir um innheimtu þeirra.

c. ***Handbært fé***
Til handbærs fjár teljast bankainnistæður.

## 2. **Rekstrartekjur greinast þannig:**

| | 2018 | 2017 |
|---|---:|---:|
| Framlög frá ríkissjóði: | | |
| Fjárlög, fært sem rekstrarframlag | 20.764.000 | 20.954.000 |
| Fjárlög, fært sem styrkur við háskólanám | 11.136.000 | 10.846.000 |
| Aukafjárveiting | 2.900.000 | 2.835.000 |
| Samtals framlög frá ríkissjóði | 34.800.000 | 34.635.000 |
| | | |
| Framlög frá Rannís og Fræðslusjóði: | | |
| Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga | 1.850.000 | 1.920.000 |
| Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða | 12.010.000 | 12.827.429 |
| Framlag Fræðslusjóðs vegna náms- og starfsráðgjafar | 4.149.998 | 4.230.000 |
| Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærnismat | 4.797.253 | 2.413.220 |
| Samtals framlög frá Rannís og Fræðslusjóðs | 22.807.251 | 21.390.649 |
| Endurgreidd framlög vegna 2017 | ( 308.720) | 0 |
| Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári | 731.000 | 2.857.318 |
| Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs | ( 3.836.000) | ( 731.000) |
| Samtals | 19.393.531 | 23.516.967 |
| | | |
| Aðrar tekjur: | | |
| Framlög frá stofnaðilum | 1.505.600 | 1.505.600 |
| Námskeiðs- og verkefnatekjur | 17.632.880 | 21.517.685 |
| Aðrar tekjur | 810.681 | 783.481 |
| Samtals aðrar tekjur | 19.949.161 | 23.806.766 |
| | | |
| Samtals rekstrartekjur | 74.142.692 | 81.958.733 |

## 3. **Tekjur vegna námskeiða og verkefna**

Tekjur vegna námskeiða og verkefna skiptist þannig:

| | 2018 | 2017 |
|---|---:|---:|
| Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða | 12.010.000 | 12.827.429 |
| Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar | 4.149.998 | 4.230.000 |
| Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærnimats | 4.797.253 | 2.413.220 |
| Framlag Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga | 1.850.000 | 1.920.000 |
| Námskeiðs- og verkefnatekjur | 17.632.880 | 21.517.685 |
| | 40.440.131 | 42.908.334 |
| Endurgreidd framlög vegna 2017 | ( 308.720) | 0 |
| Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári | 731.000 | 2.857.318 |
| Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs | ( 3.836.000) | ( 731.000) |
| Samtals tekjur vegna námskeiða og verkefna | 37.026.411 | 45.034.652 |

## 4. Háskólanám

Tekjur og gjöld vegna háskólanáms greinist þannig:

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| ***a. Tekjur*** | | |
| Styrkur menntamálaráðuneytis vegna háskólanáms á Norðurlandi vestra | 11.136.000 | 10.846.000 |
| Aðstöðugjald háskólanema | 154.000 | 112.000 |
| Leiga vegna fjarfundabúnaðar | 41.231 | 179.440 |
| | 195.231 | 291.440 |
| Tekjur vegna háskólanáms | 11.331.231 | 11.137.440 |
| ***b. Gjöld*** | | |
| Launakostnaður | 10.746.584 | 8.997.544 |
| Húsaleiga og húsnæðiskostnaður | 649.350 | 629.277 |
| Viðhald og keyptur búnaður til háskólanáms á Norðurlandi vestra | 362.712 | 698.036 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 334.267 | 502.217 |
| Kostnaður vegna háskólanáms | 12.092.913 | 10.827.074 |
| Afkoma háskólanáms | ( 761.682) | 310.366 |

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 36.177.127 | 34.764.559 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 4.735.917 | 4.222.266 |
| Tryggingagjald | 2.873.887 | 2.725.776 |
| Sjúkra- og orlofssjóður | 1.090.230 | 1.039.283 |
| Breyting á áunnu orlofi | 94.923 | 239.159 |
| Bifreiðastyrkur | 1.041.500 | 795.080 |
| Dagpeningar | 310.898 | 25.700 |
| Ferðakostnaður | 367.622 | 511.656 |
| Annar starfsmannakostnaður | 712.477 | 538.929 |
| | 47.404.581 | 44.862.408 |
| Laun millifærð á kostnað vegna háskólanáms | ( 10.746.584) | ( 8.997.544) |
| Laun millifærð á kostnað vegna náms- og starfsráðgjöf | ( 3.800.550) | ( 3.474.720) |
| Laun millifærð á kostnað vegna raunfærnimats | ( 3.800.550) | ( 2.322.200) |
| | 29.056.897 | 30.067.944 |
| Fjöldi starfsmanna að meðaltali | 4,7 | 4,7 |
| Ársverk | 5,0 | 5,0 |

Laun framkvæmdastjóra félagsins námu 9,5 millj.kr. á árinu 2018, árið áður námu þau 9,2 millj. kr.

## 6. Sundurliðun á öðrum rekstrarkostnaði

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Stjórnunarkostnaður | 4.183.850 | 4.165.708 |
| Kostnaður vegna tækja og búnaðar | 1.517.432 | 1.516.451 |
| Húsnæðiskostnaður | 1.298.300 | 1.258.552 |
| Skrifstofukostnaður | 651.066 | 801.884 |
| | 7.650.648 | 7.742.595 |

## 7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2018 | 38.454.966 | 38.454.966 |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) | ( 3.797.221) | ( 3.797.221) |
| Staða 31.12.2018 | 34.657.745 | 34.657.745 |